

Fyrirmæli

Útgáfudagur:

1. september 2026

Gildistaka:

1. september 2026

RS: 1/2026

Kemur í stað RS: 5/2017

6/2017

Efni: Niðurfelling saksóknar, þar með talin skilorðsbundin frestun ákæru

1. Almenn skilyrði

Samkvæmt 2. mgr., a- til d-liðum 3. mgr. og 4. mgr. 146. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála (sml.) er lögreglustjóra og héraðssaksóknara heimilt að falla frá saksókn þegar svo stendur á sem lýst er í málsgreinunum.

Forsenda þess að niðurfellingu saksóknar sé beitt er að rannsókn máls sé lokið, mál teljist upplýst og að ákærandi telji að sakborningur hafi framið refsivert brot. Niðurfellingu saksóknar verður almennt ekki beitt nema játning sakbornings liggi fyrir.

Ekki er heimilt að falla frá saksókn þegar við eiga ákvæði 4. mgr. 52. gr. sml. um að vísa frá kæru eða hætta rannsókn eða ákvæði 145. gr. sml. um að fella mál niður.

Ríkissaksóknari leggur áherslu á að heimildinni til að falla frá saksókn sé beitt af varfærni. Ákvörðun skal almennt byggð á einu heimildarákvæði 146. gr. sml.

Hafi munir, sem gera skal upptæka, verið haldlagðir í þágu rannsóknar málsins, er rétt að leita eftir því, þegar sakborningur er yfirheyrður, hvort hann fallist á að afsala sér þeim. Samþykki hann það ekki verður máli ekki lokið með niðurfellingu saksóknar.

Telji ákærandi ástæðu til að falla frá saksókn en vafa leika á heimild til þess, skal hann senda ríkissaksóknara málið til ákvörðunar, sbr. 5. mgr. 146. gr. sml.

2. Niðurfelling saksóknar skv. 3. og 4. mgr. 146. gr. sml.

2.1. Smávægilegt brot eða fyrirsjáanlegt ósamræmi í umfangi máls miðað við refsingu - a-liður 3. mgr. 146. gr. sml.

2.1.1. Almenn atriði

Samkvæmt a-lið 3. mgr. 146. gr. sml. er heimilt að falla frá saksókn þegar brot er smávægilegt eða fyrirsjáanlegt að umfang málsins verði í verulegu ósamræmi við þá refsingu sem vænta má.

Ákærandi hefur nokkuð svigrúm til mats á því hvort brot teljist uppfylla skilyrði a-liðar 3. mgr. 146. gr. sml. þegar tekin er ákvörðun um hvort falla beri frá saksókn. Ríkissaksóknari áréttar þó það sem fram kemur í kafla 2.1.2. um smáræði.

2.1.2. Afgreiðsla á málum vegna þjófnaðar í verslun

Ríkissaksóknari telur að einkum komi til álita að beita niðurfellingu saksóknar, sbr. a-lið 3. mgr. 146. gr. sml. í málum er varða þjófnað í verslun.

Skilyrði þess eru eftirfarandi:

- Sakborningur hefur ekki áður gerst sekur um auðgunarbrot, þ.e. ekki undirgengist niðurfellingu saksóknar, lögreglustjórásátt, skilorðsbundna frestun ákæru (ákærufrestun) eða hlotið dóm.
- Brot sé smávægilegt þannig að þjófnaðarandlag teljist vera smáræði, þ.e. innan við kr. 300.000.
- Að ekkert annað auðgunarbrot sé til meðferðar á hendur sakborningi. Þá ber ákæranda einnig að líta til annarra ólokinna mála sakbornings og leggja mat á hvort rétt sé að falla frá saksókn fyrir þjófnaðinn.

Séu framangreind skilyrði ekki uppfyllt er bent á eftirtalin fyrirmæli ríkissaksóknara:

- Kafli 3 í fyrirmælum þessum um skilorðsbundna ákærufrestun.
- RS: 1/2025, um brot sem ljúka má með lögreglustjórasett.
- RS: 1/2023, um sáttamiðlun, sem er álitlegur kostur vegna brota ungmenna.

Ríkissaksóknari leggur áherslu á að afgreiðsla þjófnaðarmála sé í samræmi við neðangreint:

- Fyrsta brot: Fallið frá saksókn skv. a-lið 3. mgr. 146. gr. sml., séu skilyrði fyrirmæla þessara uppfyllt að öðru leyti.
- Annað brot: Sektargerð, sbr. RS: 1/2025. Heimilt er að beita sektargerð að nýju ef liðin eru meira en 5 ár frá síðasta broti.
- Þriðja brot: Ákæra.

Ef sakborningur er á aldrinum 15-21 árs eða högum sakbornings er þannig háttað eins og greinir í 2. tl. 1. mgr. 56. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (hgl.), skal almennt afgreiða annað brot sakbornings með skilorðsbundinni ákærufrestun, sbr. kafla 3 í fyrirmælum þessum.

2.2. Sáttamiðlun - b-liður 3. mgr. 146. gr. sml.

Samkvæmt b-lið 3. mgr. 146. gr. sml. er heimilt að falla frá saksókn ef sakborningur og brotapolí hafa komist að samkomulagi að undangenginni sáttamiðlun hjá lögreglu og sakborningur hefur efnt það fyrir sitt leyti.

Um sáttamiðlun gilda fyrirmæli ríkissaksóknara RS: 1/2023.

Undangengin sáttameðferð hjá lögreglu er skilyrði fyrir niðurfellingu saksóknar á grundvelli b-liðar og kemur því ekki til greina að horfa til annars konar sáttasamninga.

Ef sættir takast hjá lögreglu skal gert um það skriflegt samkomulag og þegar staðfesting um efndir liggur fyrir skal fallið frá saksókn á grundvelli b-liðar 3. mgr. 146. gr. sml.

2.3. Sakborningur virðist ósakhæfur - c-liður 3. mgr. 146. gr. sml.

Samkvæmt c-lið 3. mgr. 146. gr. sml. er heimilt að falla frá saksókn ef sakborningur virðist ósakhæfur og ekki er nauðsynlegt að gera kröfu um að hann verði beittur öryggisráðstöfunum.

Geðmat framkvæmt af matsmanni er ekki skilyrði fyrir því að heimildinni sé beitt en nauðsynlegt er að fyrir liggi gögn um andlega hagi sakbornings sem benda til þess að hann hafi verið ósakhæfur á verknaðarstundu. Hafa ber hér í huga 15. og 16. gr. hgl.

2.4. Sérstakar ástæður - d-liður 3. mgr. 146. gr. sml.

Samkvæmt d-lið 3. mgr. 146. gr. sml. er heimilt að falla frá saksókn ef brot hefur valdið sakborningi sjálfum óvenjulega miklum þjáningum eða aðrar sérstakar ástæður mæla með því að fallið sé frá saksókn, enda verði að telja að almannahagsmunir krefjist ekki málshöfðunar.

Ákærandi hefur nokkuð svigrúm til mats um þau atriði sem tilgreind eru í d-lið 3. mgr. 146. gr. sml. þegar tekin er ákvörðun um hvort falla beri frá saksókn. Meta þarf málið og aðstæður sakbornings heildstætt, þ. á m. aldur og sakaferil.

Við mat á því hvort beita skuli heimildinni má líta til ákvæða hgl. þar sem heimilt er að láta refsingu niður falla að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

Dæmi um það sem fallið getur undir *aðrar sérstakar ástæður* er ef langt er liðið síðan brot var framið, án þess þó að refsikrafa sé fyrnd og sakborningur hefur síðan hegðað sér óaðfinnanlega eða óvenju miklar málsbætur eru.

Heimild þessi kemur síður til greina ef afleiðingar af háttseminni eru miklar fyrir brotþola.

Sé fallið frá saksókn með vísan til d-liðar 3. mgr. 146. gr. sml. ber að rökstyðja stuttlega hvaða sérstöku ástæður eru fyrir hendi.

2.5. Hegningarauki - 4. mgr. 146. gr. sml.

Samkvæmt 4. mgr. 146. gr. sml. er heimilt að falla frá saksókn vegna þeirra brota sem ætla má að skipti engu eða óverulegu máli við ákvörðun viðurlaga, ef til greina kemur að sækja mann til sakar í einu máli út af fleiri brotum.

Enn fremur má falla frá saksókn ef maður, sem búið er að dæma fyrir brot, verður uppvís að því að hafa framið annað eða önnur brot áður en hann var dæmdur, enda megi ætla að ekki verði um frekari refsingu að ræða þótt sakfelld yrði fyrir þau brot.

Ekki skal beita heimildinni þegar um umferðarlagabrot er að ræða. Þegar sakborningur á fleiri mál til afgreiðslu í LÖKE skal heimildinni almennt ekki beitt.

Ávallt skal tekið fram í ákvörðun til hvers hafi verið litið við ákvörðunina, t.a.m. að um sé að ræða hegningarauka við tilgreindan dóm eða að brotið skipti engu eða óverulegu máli við ákvörðun viðurlaga og skal þá tilgreina ákæruskjalið sem litið var til.

2.6. Lok máls og tilkynningar

Skýlt er að tilkynna sakborningi og brotþola ákvörðun um niðurfellingu saksóknar, enda liggi fyrir hver brotþoli er, sbr. 1. mgr. 147. gr. sml. Í tilkynningu skal taka fram að viðkomandi geti kært ákvörðun til ríkissaksóknara innan eins mánaðar, sbr. 2. mgr. 147. gr. sml.

Sömuleiðis ber að tilkynna ríkissaksóknara ákvörðunina, sbr. 6. mgr. 23. og 3. mgr. 24. gr. sml., og vista gögn málsins í heild sem skjal í LÖKE.

Í tilkynningu skal heimfæra brot undir viðeigandi refsíákvæði.

Ákvörðun um að falla frá saksókn ber að rökstyðja með því að vísa til viðeigandi ákvæðis í 146. gr. en ekki er skylt að færa frekari rök fyrir henni. Áréttað er hins vegar það sem fram kemur í köflum 2.4. og 2.5. um skyldu til frekari rökstuðnings.

Ákærandi skal undirrita ákvörðun.

Tilkynning til sakbornings skal orðuð með eftirfarandi hætti:

[Embætti] hefur haft til meðferðar ofangreint mál er varðar meint brot þitt gegn [refsíákvæði], með því að hafa [verknaðarlýsing sambærileg ákæruskjali].

Rannsókn málsins er nú lokið og hafa málsgögn verið yfirfarin með hliðsjón af 145. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Er það mat [embættis] að málið teljist líklegt til sakfellis að því er varðar meint brot gegn [refsíákvæði].

Hér með tilkynnist, með vísan til [viðeigandi ákvæði í 146. gr. sml.] 146. gr. laga um meðferð sakamála, að ákveðið hefur verið að falla frá saksókn á hendur þér út af ætluðu broti. Heimilt er að falla frá saksókn á grundvelli framangreinds ákvæðis ef [texti viðkomandi ákvæðis].

[d-liður 3. mgr. 146. gr. – stuttur rökstuðningur] [4. mgr. 146. gr. – tilvísun til ákæruskjals eða dóms]

Unnt er að kæra ákvörðunina til ríkissaksóknara innan mánaðar, sbr. 2. mgr. 147. gr. laga um meðferð sakamála. Þá er lögreglu/héraðssaksóknara skylt, ef þess er óskað, að rökstyðja í stuttu máli ákvörðunina, sbr. 1. mgr. 147. gr. sömu laga.

Tilkynning til kæranda/brotapóla skal vera sama efnis að breyttu breytanda.

Um tilkynningar vísast til fyrirmæla ríkissaksóknara um rafrænar gagnasendingar og birtingar í stafrænu pósthólfi RS: 2/2025.

3. Niðurfelling saksóknar skv. 2. mgr. 146. gr. sml. (ákærufrestun)

Í 2. mgr. 146. gr. sml. er kveðið á um að falla megi frá saksókn með því að fresta ákæru skilorðsbundið samkvæmt almennum hegningarlögum. Um ákærufrestun fer eftir 56. gr. hgl.

Heimilt er að beita þessu úrræði ef:

- sakborningur hefur játað brot sitt og
- brot er framið af einstaklingi á aldrinum 15-21 árs eða
- högum sakbornings er þannig háttað að umsjón eða aðrar ráðstafanir samkvæmt 3. mgr. 57. gr. hgl. megi teljast vænlegri til árangurs en refsingu enda sé brotið ekki þess eðlis að almannahagsmunir krefjist saksóknar.

Skilorðstími skal að jafnaði vera 2-3 ár en má ekki vera skemmri en 1 ár og ekki lengri en 5 ár.

Ákærufrestun er bundin því almenna skilyrði skv. 3. mgr. 57. gr. hgl. að aðili gerist ekki sekur um nýtt brot á skilorðstímanum. Frestun má einnig binda nánar tilgreindum skilyrðum sem talin eru upp í ákvæðinu.

Um er að ræða einhliða ákvörðun ákærvalds og ekki er þörf á samþykki sakbornings fyrir slíkum málalokum. Sakborningur og brotþoli geta kært ákvörðun um ákærufrestun til ríkissaksóknara, sbr. 2. mgr. 147. gr. sml.

Ákærufrestun skráist í sakaskrá.

Mál aðila sem lokið er með ákærufrestun má taka upp að nýju ef rannsókn hefst hjá lögreglu gegn aðila sem sakborningi áður en skilorðstíma lýkur og þá út af nýju broti sem hann hefur framið á skilorðstímanum eða vegna brots sem hann framdi áður en tekin var ákvörðun um ákærufrestun. Einnig er heimilt að taka upp málið ef aðili rýfur í veigamiklum atriðum önnur skilyrði sem honum voru sett.

3.1. Ákvörðun um ákærufrestun:

Í ákvörðun um ákærufrestun skal tilgreina eftirfarandi atriði:

- nafn sakbornings og kennitölu eða fæðingardag
- hver sú háttsemi er sem ákvörðun lýtur að, hvar og hvenær brotið er talið framið og heiti þess að lögum
- heimfærslu til refsíákvæða
- skilorðstíma
- þýðingu skilorðs, þ.m.t. sérskilyrða ef við á, og áhrif skilorðsrofs
- að ákærufrestun skráist í sakaskrá
- kærueimild til ríkissaksóknara

Ákærandi skal undirrita ákvörðun.

Orðalag ákærufrestunar skal vera með eftirgreindum hætti:

Skilorðsbundin frestun ákæru í máli nr. [LÖKE númer].

[Embætti] hefur haft til meðferðar ofangreint mál er varðar ætlað brot þitt, [nafn, kennitala], með því að hafa [verknaðarlýsing sambærileg ákæruskjali].

Rannsókn málsins er nú lokið og hafa málgögn verið yfirfarin með hliðsjón af 145. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Er það mat [embættis] að málið teljist líklegt til sakfellis að því er varðar meint brot gegn [refsíákvæði].

Hér með tilkynnist að [embætti] hefur tekið ákvörðun um að falla frá saksókn í málinu með því að fresta útgáfu ákæru skilorðsbundið í [1-5 ár] samkvæmt heimild í 56. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, frá og með deginum í dag að telja, sbr. 2. mgr. 146. gr. laga um meðferð sakamála.

[sérskilyrði ef við á, sbr. 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga]

Mál þetta má taka upp að nýju ef rannsókn hefst hjá lögreglu gegn þér sem sakborningi áður en skilorðstíma lýkur út af nýju broti sem þú hefur framið á skilorðstímanum eða áður en ákvörðun var tekin um ákærufrestun, sbr. 4. mgr. 56. gr. almennra hegningarlaga.

[svo og efsérskilyrði ákvörðunar eru rofin í veigamiklum atriðum, sbr. 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga.]

Unnt er að kæra ákvörðunina til ríkissaksóknara innan mánaðar, sbr. 2. mgr. 147. gr. laga um meðferð sakamála.

Ákvörðunin er skráð í sakaskrá.

3.2. Birting ákvörðunar um ákærufrestun

Þegar tekin hefur verið ákvörðun um ákærufrestun skal ákærandi sjá til þess að sakborningi séu kynnt skilyrði ákærufrestunar rækilega og afleiðingar skilorðsrofa.

Kynningin fer fram með birtingu ákvörðunar. Birta má ákvörðun á fundi ákæranda með sakborningi, þar sem hann fær afhent afrit af ákærufrestun, eða með því að senda sakborningi ákærufrestunina í stafrænt pósthólf, sbr. fyrirmæli ríkissaksóknara um rafrænar gagnasendingar og birtingar í stafrænu pósthólfi RS: 2/2025.

Skylt er að tilkynna brotaþola, enda liggi fyrir hver hann er, ákvörðun um niðurfellingu saksóknar með ákærufrestun. Sömu leiðis ber að tilkynna ríkissaksóknara ákvörðunina, sbr. 6. mgr. 23. og 3. mgr. 24. gr. sml., og vista gögn málsins í heild sem skjal í LÖKE.

Sigríður J. Friðjónsdóttir
ríkissaksóknari